

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. janúar 2009.

**Efni:** Frumvarp til laga um sjúkraskrár Þskj. 205 — 170. mál.

Hjúkrunarráð Landspítalans þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um frumvarp til laga um sjúkraskrár. Hjúkrunarráð fagnar frumvarpinu og tekur undir flest það sem þar er lagt til. Að mati hjúkrunarráðs er tímabært að endurskoða lagaákvæði um sjúkraskrár enda um mikilvægt málefni að ræða sem snertir hvort tveggja öryggi og gæði heilbrigðisþjónustu. Á Landspítalanum hefur á undanförunum árum verið unnið að því að innleiða rafræna sjúkraskrá. Nú þegar hefur ýmsum áföngum verið náð. Framundan er meðal annars innleiðing skráningu á hjúkrunarupplýsingum. Rafræn sjúkraskrá mun hafa í för með sér aukið aðgengi að upplýsinum og auðvelda heilbrigðisstarfsfólki að veita markvissari og skjótari þjónustu.

Hér að neðan fara athugasemdir hjúkrunarráðs um einstök ákvæði frumvarpsins.

### 1. gr. Tilgangur og gildissvið

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins segir að löggin gildi um sjúkraskrár sem færðar séu þegar meðferð sé veitt hér á landi. Sú spurning vaknar hvort löggin gildi um upplýsingar sem berast erlendis frá, t.d. þegar sjúklingur hefur dvalist á erlendra sjúkrahúsum, og þá hver beri ábyrgð á að skrá slíkar upplýsingar, hvenær það skuli gert og með hvaða hætti. Að mati hjúkrunarráðs er þýðingarmikið að taka afstöðu til þessara þátta áður en frumvarpið verður að lögum.

### 3. gr. Skilgreiningar

Í 13. lið 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að umsjónaraðili sjúkraskrár sé lækni, eða annar heilbrigðisstarfsmaður sé lækni ekki til að dreifa, sem ábyrgðaraðili hafi falið að hafa eftirlit með og sjá um að skráning og meðferð sjúkraskrárupplýsinga sé í samræmi við ákvæði laganna. Að mati Hjúkrunarráðs fæst ekki séð að lækni séu betur til þess fallnir að sinna umræddu umsjónar-mannshlutverki fremur en hjúkrunarfræðingar, en þeirra er ekki getið í greininni.

#### **Tillaga hjúkrunarráðs:**

"Heilbrigðisstarfsmaður sem ábyrgðaraðili hefur falið að hafa eftirlit með ...".

### **5. gr. Færsla sjúkraskrárupplýsinga.**

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. frumvarpsins skulu sjúkraskrárupplýsingar færðar jafnóðum eða að jafnaði innan tuttugu og fjögurra stunda frá þeim tíma er þeirra var aflað.

Í frumvarpinu er ekki kveðið á um hvaða afleiðingar það hefur að lögum ef upplýsingar eru ekki færðar innan tuttugu og fjögurra stunda frá þeim tíma sem þeirra er aflað. Ef misgá veldur virðist sem það geti leitt til viðurlaga samkvæmt 23. gr. frumvarpsins. Að mati hjúkrunarráðs er of langt gengið með því enda gæti það í vissum tilvikum leitt til þess að upplýsingar sem ella hefðu verið færðar inn of seint eru ekki færðar inn í sjúkraskrá.

### **6. gr. Skráning í sjúkraskrá**

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. skal skrá komu- eða innlagnardag og útskriftardag.

Hjúkrunarráð telur mikilvægt að gera kröfu um að skrá komu- og útskriftartíma því það er þekkt að innlagnar- og útskriftartími getur skipt máli komi upp ágreiningur ekki síst ef sjúklingur telur sig hafa þurft að bíða óeðlilega lengi eftir þjónustu.

**Tillaga hjúkrunarráðs:**

2. Komu- eða innlagnardagur og tími og útskriftardagur og tími.

### **7. gr. Réttur sjúklings við færslu sjúkraskráa.**

Að mati hjúkrunarráðs er frumvarpið óskýrt hvað snertir heimildir þess sem skráir upplýsingar í sjúkraskrá til að bæta við, breyta, leiðrétta eða eyða upplýsingum. Í lokamálslið 2. mgr. 7. gr. er kveðið á um að óheimilt sé að eyða upplýsingum úr sjúkraskrá nema með samþykki landlæknis. Sú spurning vaknar hvort krafan um samþykki landlæknis eigi aðeins við ef sjúklingur óskar eftir því að upplýsingum sé eytt úr sjúkraskrá á grundvelli 7. gr. eða hvort hún eigi jafnframt við þegar upplýsingum er eytt á grundvelli 5. gr. Í því sambandi vaknar einnig sú spurning hvort breyting eða leiðrétting feli í vissum tilvikum í raun í sér að eldri upplýsingum sé eytt. Hvað sem því líður er ljóst að skýra þarf heimildina.

### **8. gr. Varðveisla sjúkraskráa. Almenn**

Í 8. gr. frumvarpsins segir: *“Sjúkraskrár skulu varðveittar með öruggum hætti þannig að sjúkraskrárupplýsingar glatist ekki og að þær séu aðgengilegar í samræmi við ákvæði IV. kafla.”*

Hjúkrunarráð telur mikilvægt að fram komi að sjúkraskrár séu varðveittar þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim enda getur verið um viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða.

**Tillaga hjúkrunarráðs:**

Sjúkraskrár skulu varðveittar með öruggum hætti þannig að sjúkraskrárupplýsingar glatist ekki, að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim og að þær séu aðgengilegar í samræmi við ákvæði IV. kafla.

### **13. gr. Aðgangur starfsmanna að sjúkraskrá.**

Í 4. mgr. 13. gr. er kveðið á um að synjun um að heimila nauðsynlegan aðgang að sjúkraskrá geti jafngilt því, eftir atvikum, að sjúklingur hafni meðferð, en synjunin getur meðal annars falist í því að banna aðgang nema í starfsnámi að sjúkraskrá. Að mati hjúkrunarráðs er vafasamt að það samræmist í öllum tilvikum grundvallarrétti sjúklinga til heilbrigðisþjónustu að líta megi svo á að synjun sjúklings um aðgang nánar tiltekinna aðila að sjúkraskrá jafngildi því að hann hafni meðferð. Hjúkrunarráð leggur til að þetta ákvæði verði endurskoðað en sambærilegt ákvæði er jafnframt að finna í 7. gr. frumvarpsins.

HJÚKRUNARRÁÐ LANDSPÍTALANS

Eiríksgrata 19 • 101 Reykjavík • Sími 543 1422 • Netfang: hjukrunarrad@landspitali.is • www.landspitali.is

**15. gr. Aðgangur að sjúkraskrá látins einstaklings.**

1. mgr. “Veita skal aðgang að sjúkraskrá látins einstaklings þegar fyrir liggur ótvírætt samþykki hans um að veita megi viðkomandi aðila slíkan aðgang”.

Hjúrkunarráð telur ekki nógu skýrt í hverju hið ótvíræða samþykki látins einstaklings skuli felast. Það mætti skýra betur í textanum og jafnframt hvort heilbrigðisstarfsfólk eigi í einhverjum tilvikum að leita eftir að afla slíks samþykkis.

Virðingarfyllt  
f.h. hjúrkunarráðs LSH

*Bylgja Kærnested*

---

Bylgja Kærnested, hjúkrunarfræðingur,  
formaður hjúrkunarráðs LSH.